

Sp. 168. Tillaga til þingsályktunar [163. mál]

um niðurfellingu söluskatts af raforku til vatnsdælingar hitaveitna.

Flm.: Sverrir Sveinsson, Davíð Aðalsteinsson, Ingvar Gíslason,
Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að söluskattur verði ekki innheimtur af raforku til vatnsdælingar hitaveitna.

Greinargerð.

Mikill hluti af rekstrarkostnaði hitaveitna er fölginn í kaupum á raforku til dælingar á vatni. Söluskattur hefur verið innheimtur af raforku til dælingar þrátt fyrir þá almennu stefnu, sem mörkuð er í reglugerð um söluskatt, nr. 486/1982, að dregið sé úr húshitunar-kostnaði, sbr. 19. og 20. tölul. 13. gr. og 12., 13. og 22. tölul. 14. gr. þeirrar reglugerðar, sbr. og 7. gr. 1. nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, og 1. gr. reglugerðar nr. 317/1974.

Samband íslenskra hitaveitna og orkusparnaðarnefnd hafa fengið því framgengt að söluskattur verði ekki innheimtur af raforku til varmadælna, en slík tæki er verið að setja upp um þessar mundir og gert ráð fyrir að þau verði tekin til enn frekari nota á næstu árum. Tilgangur þeirra er að vinna hita úr volgu vatni, t. d. lághitavatni og bakrennslisvatni hitaveitna, með raforku. Án niðurfellingar söluskatts af raforku til þessara nota væri þessi tækni óarðbær.

Sú er skoðun flutningsmanna, og það er einnig álit Sambands íslenskra hitaveitna, að raforka til vatnsdælingar hitaveitna skuli með sömu rökum og ráðuneytið féllst á gagnvart varmadælum undanþegin söluskatti. Í bréfi til Sambands ísl. hitaveitna 6. des. 1983 lýsti fjármálaráðuneytið þeirri skoðun sinni að flutningur orku verði ekki lagður að jöfnu við framleiðslu hennar. Þessi skýring ráðuneytisins telur Samband ísl. hitaveitna að byggist á misskilningi þar sem í báðum tilvikum er um öflun orku („framleiðslu“) að ræða. Í öðru tilvikinu er framleitt nothæft hitaveituvatn úr afrennslisvatni með raforku. Í hinu tilvikinu er öflun orkunnar („framleiðsla“) fölginn í því að dæla laugarvatni upp úr borholum og koma því til notenda með raforku. Í báðum tilvikum er raforka, á viðunandi verði, forsenda orkuöflunar eða „framleiðslu“ á nothæfu hitaveituvatni á samkeppnisfæru verði.

Fylgiskjal.

BRÉF SAMBANDS ÍSL. RAFVEITNA TIL FJÁRMÁLARÁÐHERRA

12. janúar 1984.

Hr. fjármálaráðherra Albert Guðmundsson
Fjármálaráðuneyti
Arnarhvoli
101 Reykjavík.

Í framhaldi af samtali okkar í gær sendist hjálagður listi yfir greiddan söluskatt hitaveitna árið 1982 ásamt áætlun fyrir árið 1983 (áætlunin er miðuð við verðbólguforsendur ágúst/sept. s. l.).

Með bestu kveðju.
Samband ísl. hitaveitna.
Eggert Ásgeirsson.

| Hitaveita | Söluskattur | |
|---------------------------------|--------------|---------------|
| | 1982 | 1983 áætl. |
| Akraness og Borgarfjarðar | 228 370,00 | 537 527,00 |
| Akureyrar | 606 000,00 | 1 796 000,00 |
| Bessastaðahrepps | 0 | 0 |
| Egilsstaða og Fella | 176 964,00 | 371 052,00 |
| Eyra | 0 | 0 |
| Flúða og nágrennis | 18 347,00 | 44 254,00 |
| Hafnarhrepps | 0 | 0 |
| Hvammstanga | 46 200,00 | 80 600,00 |
| Hveragerðis | 22 314,00 | 40 000,00 |
| Laugaráss | 0 | 0 |
| Mosfellshrepps | 0 | 0 |
| Reykjahlíðar | 0 | 0 |
| Reykjavíkur | 4 900 000,00 | 11 700 000,00 |
| Sauðárkróks | 87 200,00 | 152 100,00 |
| Selfoss | 309 328,00 | 507 775,00 |
| Seyðisfjarðar | 0 | 0 |
| Siglufjarðar | 94 213,00 | 255 887,00 |
| Suðurnesja (munnl.) | 0 | 0 |
| Svalbarðsstrandarhrepps | 0 | 0 |
| Vestmannaeyja | 126 661,00 | 319 000,00 |
| Þorlákshafnar | 10 835,01 | 18 719,50 |
| | <hr/> | <hr/> |
| Innkomin svör 6. desember 1983. | 6 626 432,01 | 15 822 914,50 |